

132. skólanefndarfundur 12.júní 2014 haldinn í Ráðhúsi Stykkishólms

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar í skólanefnd:

Aðalmenn: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður, Sigurður A. Þórarinsson, Hrefna Frímansdóttir, Haukur Garðarsson og Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson.

Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar sátu fundinn: Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskólans, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Steinunn María Þórsdóttir, fulltrúi foreldra leikskólans, Kristbjörg Hermannsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólans og Auður Vésteinsdóttir áheyrnarfulltrúi Helgafellssveitar.

Formaður setti fund kl. 17:07

1. Sigrún Þórsteinsdóttir: skýrsla skólastjóra leikskólans.
 - a. Formlegu vetrarstarfi er lokið með útskrift 24 barna.
 - b. Foreldrum var boðið að taka lengra sumarfrí fyrir börnin sín og var þó nokkuð um að þeir nýttu það.
 - c. Aðlögun nýrra barna hófst í byrjun júní og eru núna 7 börn í aðlögun og eitt barn sem kemur um 20 júní. Í nóvember verða komnir inn 64 nemendur í leikskólann.
 - d. Jósep Blöndal kom með fyrirlestur í leikskólann á starfsdegi og var starfsmönnum grunnskólans boðið að hlýða með okkur, aðeins einn utanaðkomandi starfsmaður sá sér fært að nýta það. Þetta var mjög fróðlegt erindi sem hét: Bakverkir, ráð og óráð.
 - e. Nokkrar umsóknir bárust um stöður í leikskólanum og standa viðtöl yfir þessa dagana.
 - i. Umræður urðu um sérmenntað starfsfólk í leikskóla, svo sem starfsfólk með tónlistarmenntun.
 - f. Skóladagatal, helstu atriði lögð fram.
 - g. Vinnustöðvun leikskólakennara 19. júní.
 - i. Við óskum eftir því að ekki verði tekið á móti börnum í leikskólann í Stykkishólmi þennan dag EF til vinnustöðvunar kemur. Tvær af deildum leikskólans verða lokaðar þar sem deildarstjórar þar eru í Félagi

leiksskólakennara, ein deildin mætti vera opin frá 10 – 13 með færri börnum vegna verkstöðvunar kennara á deildinni.

Umræður voru um yfirvofandi verkfall og hvort það ætti að láta lítinn hluta barna mæta í stuttan tíð Flestir í skólanefnd voru sammála um að leikskóla verði lokað þennan dag.

Umræður um skólalóð leikskólans og þörf á umbótum og breyttu skipulagi þar sem lóðin útheimtir mikið viðhald og umhirðu.

Sigrún þakkaði nefndinni fyrir gott samstarf síðustu fjögur árin.

2. Gunnar Svanlaugsson: Skýrsla skólastjóra grunnskólans.

a. Skólalokin

- i. Öðruvísi dagar voru í skólalok. Verið var að vinna með nærumhverfi. Helgafell, Sauraskógur, Berserkjagata, urðu fyrir valinu. Vætanlega verður unnið meira með nærumhverfið í skólastarfinu og hugsanlega verður þeirri vinnu dreift yfir skólaárið þannig að nemendur kynnist nærumhverfinu sínu í skólastarfi.
- ii. Starfað var þvert á bekk, þ.e. hluti hvers bekkjar fóru á hvern stað þannig að bekkirnir blönduðust.
- iii. Margir nemenda í leyfi þessa daga. Það þyrfti að ná til foreldra að öðruvísi dagar eru líka nauðsynlegur hluti af skólanum.

b. Skólaslit voru 5.júní og voru þau hátíðleg og falleg.

- i. Nemendafjöldi skólans næsta vetur verður 160.
- ii. 12 nemendur útskrifuðust úr 10.bekk og 26 nemendur verða í 1.bekk.

c. Mannaráðningar. Það er ljóst í dag hvernig kennarastöður verða mannaðar í haust. Miklar breytingar verða á starfsmannahópnum. Í hópnum eru kennarar sem fara í fæðingarorlof, hætta eftir leyfi eða eru að fara í leyfi. Eypór Benediktsson sagði upp aðstoðarskólastjórastöðu og fer í 49% starfshlutfall og kemur til með að vinna að sérstökum verkefnum.

d. Sex sóttu um stöðu aðstoðarskólastjóra Nefnd sem í sátu Lárus Ástmar Hannesson bæjarstjóri, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri og Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður skólanefndar. Þrjú umsækjendur voru valdir til að skoða betur. Hagvangur fékk verkefnið og tók viðtöl við umsækjendur. Gunnar og Lárus Ástmar sátu fund með Hagvang. Gunnar Svanlaugsson tók síðan lokaákvörðun um ráðningu aðstoðarskólastjóra og var Berglind Axelsdóttir ráðin.

e. Mannaráðningar og auðar stöður

- i. Eftir síðustu samninga eru kennsluafslættir kennara til sölu. Þetta þýðir nokkra óvissu um störf í skólanum.

- ii. Umræður spunnust í kringum þennan lið þar sem Gunnar útskýrði hvernig þessi þáttur kjarasamnings kæmi út fyrir kennara og skólastarf.
- f. *Skóladagatal 2014 – 2015*
 - i. Gunnar fór yfir skóladagatalið og þá daga sem eru sameiginlegir vinnudagar hjá grunnskóla og leikskóla.
 - ii. Samstarfsdagar á nésinu næsta ár.
- g. Fastir valhópar eru inni og nýjir valmöguleikar standa til boða, má þar nefna fluguhnýtingar, skrautskrift, gítarspil, spjaldtölvur og ljósmyndun.
 - i. Kristbjörg Hermannsdóttir spurði um valáfanga í FSN og hver staðan væri á námsskrárgerð.

Umræður urðu um öðruvísi daga í skólalok. Nefndarfolk lýsti yfir ánægju sinni með fyrirkomulag þeirra daga. Hrefna Frímansdóttir nefndi bókina Færni til framtíðar í þessu sambandi

Kristbjörg Hermannsdóttir spurði nánar út í mannráðningar.

Umræða var um mentor og notkun á því kerfi og möguleika á að nota það meira.

Formaður þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og þakkaði fyrir samvinnu síðustu fjögur árin í skólanefnd.

Fundargerð verður send fundarmönnum í tölvupósti til samþykktar..

Fundi slitið kl. 19:40

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður, (sign),
Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, (sign),
Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, (sign),
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson, fulltrúi, (sign),
Hrefna Frímansdóttir, fulltrúi, (sign),
Sigurður A. Þórarinsson, fulltrúi, (sign),
Haukur Garðarsson, fulltrúi, (sign),
Steinunn María Þórsdóttir, fulltrúi foreldra leikskólans, (sign),
Kristbjörg Hermannsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólans, (sign)
Auður Vésteinsdóttir áheyrnarfulltrúi Helgafellssveitar, (sign).